





# Ársskýrsla 2000–2001



# Efnisyfirlit

Inngangur. ....	6
Starfsreglur sjóðsins. ....	6
Stjórn sjóðsins. ....	7
Skrifstofa sjóðsins. ....	7
Úthlutun. ....	8
Jöfnunarstyrkur. ....	9
Innheimtar greiðslur. ....	9
Tölvudeild. ....	10
Töflur ....	12
Útlán ....	12
Jöfnunarstyrkur ....	17
Innheimta. ....	18
Breytingar á fjármálum LÍN árin 1994–2000. ....	19
Lántökur ....	19
Útlán og fjárveitingar ....	19
Fjárhagsstaðan. ....	20
Ársreikningur 2000 ....	21
Rekstrarreikningur árið 2000 ....	21
Efnahagsreikningur 31. desember 2000 ....	21
Skýringar ....	23

## 1. Inngangur.

Endurskoðaðar úthlutunarreglur fyrir skólaárið 2000–2001 voru samþykktar einróma í stjórn sjóðsins 4. maí 2000. Með nýjum reglum var grunnframfærslan hækkuð um 6,7% eða úr 62.300 kr. í 66.500 kr. og almenna frítekjumarkið úr 250.000 kr. í 265.000 kr. Af öðrum breytingum á reglunum bar hæst lækkun tekjuskerðingarhlutfallsins úr 50% í 40% vegna tekna umfram frítekjumark og nýr framfærslugrunnur, sem tók mið af neyslukönnun Hagstofu Íslands. Fundurinn 4. maí 2000 var síðasti fundur stjórnarinnar að Laugavegi 77, en sjóðurinn flutti að Höfðaborg, Borgartúni 21 í Reykjavík mánudaginn 8. maí 2000. Samtals hélt stjórn sjóðsins 15 fundi á árinu 2000.

Skrifstofa Lánasjóðs íslenskra námsmanna var til húsa að Laugavegi 77 frá því í september 1975. Húsakynninn leigði sjóðurinn af Landsbanka Íslands og var meginástæða flutningsins að bankinn hafði hug á húsnæðinu til eigin nota. Nýja húsnæðið að Höfðaborg er í fermetrum talið aðeins minna en það gamla. Á móti kemur að það er innréttað í samræmi við þarfir sjóðsins, staðsett á jarðhæð í nýju glæsilegu húsi. Leigusamningur við Fasteignir ríkissjóðs er til allt að 20 ára.

Með reglugerð um jöfnun námskostnaðar sem menntamálaráðherra gaf út 24. október 2000 var LÍN falin umsýsla vegna úthlutunar námsstyrkja. Umsýslan var áður í menntamálaráðuneytinu. Ástæður flutningsins voru stjórnsýslulegar og aukið umfang samhliða hækkun á árlegum framlögum Alþingis til styrkveitinga. Reglugerðin gildi fyrir skólaárið 2000–2001. Tíminn til undirbúnings var því naumur og setti úthlutun styrksins mikið mark á starfsemi sjóðsins það sem eftir lifði skólaársins. Nýjar úthlutunarreglur komu ýmsum í opna skjöldu og kölluðu á viðbótarumsýslu sem reyndi töluvert á þolrif sjóðsins. Flest gekk þó vel þegar upp var staðið. Augljóst hagræði er af umsýslu jöfnunarstyrks og námslána á sama stað og í samhæfðu tölvukerfi.

Dagana 6.–9. júní stóð sjóðurinn fyrir ráðstefnu norrænu lánasjóðanna í Stykkishólmi. Tæplega þrjátíu fulltrúar frá hinum Norðurlöndunum sóttu fundinn, þar á meðal fulltrúar frá Færeyjum, Grænlandi og Álandi. Ráðstefna af þessum toga er haldin annað hvert ár og var síðast á Íslandi 1990. Gestafyrirlesari var Per Olaf Aamodt frá norsku námsrannsóknarstofnuninni NIFU og fjallaði fyrirlestur hans um þjóðhagslega þýðingu opinberrar námsaðstoðar.

Segja má að árið 2000 sé fyrsta árið sem vefurinn hefur veruleg áhrif á rekstur sjóðsins, en fram að þeim tíma hafði hann eingöngu verið notaður til miðlunar á almennum upplýsingum, s.s. um útlánareglur og afborgunarkjör. Farið var að bjóða upp á eyðublöð sjóðsins til útprentunar, leit að lánshæfu námi í sérhönnuðum upplýsinagrunni og um haustið fyrsta rafræna eyðublaðið í samstarfi við Form.is. Upplýsingagrunnurinn var tekinn í notkun af Birni Bjarnasyni, menntamálaráðherra, í heimsókn hans til sjóðsins 31. maí. Samstarfssamningur LÍN og Form.is var undirritaður 9. september og gerði viðskiptavinum sjóðsins kleift að fylla út eyðublöð á vefnum og koma þannig rafrænt upplýsingum í tölvukerfi sjóðsins. Þessi nýjung kom í kjölfar samkomulags sem LÍN gerði í byrjun árs um aðgang að vefframtölum RSK. Þeir lánþegar sem skiluðu rafræna skattframtali gátu þar með sparað sér sporin og losnað við að staðfesta endanlegar tekjur á árinu 1999 með því að senda afrit af hefðbundnu framtali til sjóðsins.

Í febrúar var undirritaður samningur við Landsbanka Íslands, sem er viðskiptabanki sjóðsins, um innheimtu afborgana í gegnum Reiknistofu bankanna frá og með gjalddaganum 1. mars 2000. Eftir eindaga er þannig hægt að greiða dráttarvexti og annan innheimtukostnað á öllum afgreiðslustöðum banka og sparisjóða án milligöngu LÍN. Ef um innaborgun er að

ræða fá viðskiptavinirnir jafnframt greiðan aðgang að upplýsingum um eftirstöðvar afborgunar.

Í október var afgreiðslutíma sjóðsins breytt frá því að vera 9:15–15:00 í 9:00–16:00. Með breytingunni var afgreiðslutíminn samræmdur því sem almennt viðgengst hjá stofnunum hins opinbera, aðgengi að sjóðnum bætt og starfsálag jafnað.

Fjárhagsstaða sjóðsins batnaði fimm ára árið í röð. Frá árinu 1992 hefur framlag ríkisins til LÍN verið við það miðað að það beri þann raunkostnað sem lánasjóðurinn hefur af lánveitingum til námsmanna. Þennan kostnað hefur Ríkisendurskoðun reiknað út frá tilteknum forsendum og var hann árið 2000 talinn nema 52% af útlánunum. Að auki þarf framlag ríkissjóðs að standa undir árlegum rekstrarkostnaði sjóðsins. Ný lán á árinu 2000 báru 5,0–6,3% vexti.

Í fjárlögum fyrir árið 2000 voru almenn útlán áætluð 3.215 m.kr. og framlag ríkisins ákveðið 1.910 m.kr. Á árinu 2000 námu veitt almenn námslán samtals 3.218 m.kr. og veitt markaðskjaralán 74 m.kr. Frávik frá fjárlögum var því óverulegt og breyting með fjárukalögum óþörf.

Tekjuafgangur á árinu nam 380 m.kr. Bókfært eigið fé hækkaði úr 20.821 m.kr. í 22.077 m.kr., sem er aukning um 1.256 m.kr. Núvirt eigið fé hækkaði á hinn bóginn um 1.500 m.kr. eða úr 2.000 m.kr. í 3.500 m.kr.

Góða fjárhagsafkomu sjóðsins má rekja til hagstæðrar þróunar gengis, vaxta og kaupmáttar. Við útreikning á raunkostnaði námslána er miðað við vegið meðaltal vaxta á teknum lánunum, en það hefur lækkað úr 5,80% í árslok 1996 í 5,39% í árslok 2000. Lækkun reiknivaxtanna endurspeglar þannig lækkun markaðsvaxta. Útistandandi námslán eru færð niður um fjárhæð sem líklegt er að ekki náist að innheimta og sérstakur afskriftasjóður myndaður í efnahagsreikningi LÍN. Framlag í hann á árinu var 354 m.kr. Endanlegar afskriftir námu 125 m.kr. samanborið við 25 m.kr. árið á undan. Skýring er regla um 20 ára hámarksafborgunartíma V-lána (veitt á árunum 1976–82) og má búast við vaxandi endanlegum afskriftum vegna hennar á næstu árum. Afskriftareikningur útlána í efnahagsreikningi LÍN hækkadi úr 7.118 m.kr. í 7.347 m.kr.

Í fjárlögum fyrir árið 2001 voru ný almenn útlán áætluð 3.665 m.kr. og ný markaðskjaralán 85 m.kr. Ríkissjóðsframlagið var áætlað 2.150 m.kr., þar af 1.906 m.kr. eða 52% vegna afskrifta og vaxtaniðurgeiðslu útlána.

## 2. Starfsreglur sjóðsins.

Nokkrar breytingar voru gerðar á úthlutunarreglum við endurskoðun þeirra fyrir námsárið 2000-01 og voru helstu nýmælin eftirfarandi:

- Grein 1.3.4. Sú breyting er gerð að hámarkstími sem veittur er til að stunda nám í kínversku, japönsku o.s.frv. er lengdur úr tveimur misserum í þrjú eða úr þremur fjórðungum í fimm.
- Grein 2.2.1. Heimilt verður að taka tillit til námskeiða umfram þann lágmarkseiningafjölda sem þarf til að ljúka námi hjá ERASMUS/NORDPLUS-skiptinenum og metin eru sem valnámskeið. Grein 2.3.2. Heimilt er nú að veita veikindaundanþágu eftir á til 1. árs nema ef viðkomandi nær að ljúka lánshæfum námsárangri á næsta misseri á eftir. Grein 2.4.2. Viðmiðunarfjárhæð vegna undanþágu frá fimm ára reglu er hækkuð úr 1,8 m.kr. í 1,9 m.kr. Grein 3.1.1. Grunnframfærsla á Íslandi er ákveðin 66.500 krónur. Sjá nánari upplýsingar um nýjan framfærslugrunn í fylgiskjali 1. Grein 3.1.2. Grunnframfærsla í útlöndum á námstíma frá 1/6 2000 – 31/5 2001 getur verið mismunandi eftir lönd-

um og borgum og er ákveðið hlutfall af grunnframfærslu á Íslandi. Sjá nánari upplýsingar í fylgiskjali 2.

Grein 3.3.2. Samkvæmt breytingunni skulu þriggja mánaða jafnaðartekjur námsmanns fundnar með því að deila í tekjur að frádregnum sköttum með dagafjölda frá 1. janúar til upphafs náms, allt að 243 dögum og margfalda með 92. Þetta þýðir m.ö.o. að námsmaður fær að hámarki felldar niður 5/8-hluta tekna sinna.

8. Grein 3.4.1. Tekjur sem mynda skattstofn á árinu 2000 koma nú að hámarki til frádráttar á framfærsluláni námsmanns, en ekki einnig á láni til skólagjalda eins og verið hefur.
9. Grein 4.1. 40% tekna umfram 265.000 kr. koma til frádráttar í stað 50% tekna umfram 250.000 kr. áður.  
Grein 4.2.1. 40% tekna umfram 210.000 kr. koma til frádráttar í stað 50% tekna umfram 195.000 kr. áður.  
Grein 4.3. 40% tekna umfram 265.000 kr. koma til frádráttar í stað 50% tekna umfram 250.000 kr. áður.
12. Grein 4.4. 40% tekna umfram 265.000 kr. koma til frádráttar í stað 50% tekna umfram 250.000 kr. áður.
13. Grein 4.5.1. 40% tekna námsmanns og maka umfram 400.000 kr. koma til frádráttar í stað 50% tekna umfram 375.000 kr. áður.
14. Grein 4.6. Hámarkslán er hækkað úr 6.200 USD á námsári í 480.000 kr.
15. Grein 4.8. Hámark almennra lána vegna skólagjalda er hækkað úr 2,6 milljónum króna í 2,7 milljónir króna.
16. Grein 4.12.2. Ferðalán til námsmanna á Norðurlöndunum hækkar úr 32.000 krónum í 33.500. Lán til námsmanna annars staðar í Evrópu hækka úr 37.000 krónum í 38.500. Lán vegna námsmanna í Norður Ameríku hækka úr 47.500 krónum í 49.500 og lán vegna námsmanna annars staðar hækka úr 84.500 krónum í 88.000.
17. Grein 4.12.3. Lán vegna einstaklings miðast við 13.300 krónur í stað 12.700 krónur áður.
18. Grein 5.3.1 Hámarksábyrgð einstaks ábyrgðarmanns er hækkuð úr 5 millj. kr. í 6 millj. kr.
19. Grein 7.1.1. Bætt er við ákvæðum um að lánþega beri að greiða 1,2% lántökugjald í hvert sinn sem lán er tekið og kostnað af innheimtu á hverjum gjalddaga, en samsvarandi ákvæði felld út úr gr. 7.3.

### 3. Stjórn sjóðsins.

Menntamálaráðherra skipar stjórn sjóðsins þannig: Einn samkvæmt tilnefningu Stúdentaráðs Háskóla Íslands (SHÍ), einn samkvæmt tilnefningu Sambands íslenskra námsmanna erlendis (SÍNE), einn samkvæmt tilnefningu Bandalags íslenskra sérskólanema (BÍSN), einn samkvæmt tilnefningu Iðnnemasambands Íslands (INSÍ), einn samkvæmt tilnefningu fjármálaráðherra og þrjá án tilnefningar og skal einn þeirra vera formaður stjórnar og annar varaformaður.

#### 3.1. Stjórnarmenn.

Hlutverk stjórnar sjóðsins er skilgreint í 5. gr. laga.

#### Stjórn Lánasjóðsins eins og hún var skipuð í júní 2000:

Fulltrúi menntamálar.: . . . . .Gunnar I. Birgisson (formaður)  
Fulltrúi menntamálar.: . . . . .Þorgerður Gunnarsdóttir (varaform.)  
Fulltrúi menntamálar.: . . . . .Aglá Elísabet Hendriksdóttir  
Fulltrúi fjármálar.: . . . . .Ásta Þórarinsdóttir  
Fulltrúi SÍNE: . . . . .Ástríður Scheving Thorsteinsson  
Fulltrúi SHÍ: . . . . .Eiríkur Jónsson  
Fulltrúi BÍSN: . . . . .Jóhann Kristinn Jóhannesson  
Fulltrúi INSÍ: . . . . .Katrín María Káradóttir  
Í september 2000 tók Guðmundur Ómar Hafsteinsson sæti

Eiríks Jónssonar sem aðalfulltrúi SHÍ. Eiríkur gengdi störfum varafultrúa SHÍ fram í mars 2001 en lét þá af störfum.

Í nóvember 2000 tók Jónína Brynjólfssdóttir sæti í stjórninni sem aðalfulltrúi INSÍ í stað Katrínar Maríu Káradóttur.

#### Varamenn stjórnar á sama tíma voru þessir:

Varafultr. formanns: . . . . . Kristín Edwald  
Varafultr. varaform.: . . . . . Birgir Tjörvi Stefánsson  
Varafultr. menntam.r.: . . . . . Arna Hauksdóttir  
Varafultrúi fjármálar.: . . . . . Sigurjón Pálsson  
Varafultrúi SÍNE: . . . . . Lilja Sturludóttir  
Varafultrúi SHÍ: . . . . . Guðmundur Ómar Hafsteinsson  
Varafultrúi BÍSN: . . . . . Benedikt Sævar Magnússon  
Varamaður INSÍ: . . . . . Rúnar Sigurður Sigurjónsson  
Sæunn Stefánsdóttir tók sæti varafultrúa SHÍ í mars 2001.

Í janúar 2001 hætti Lilja Sturludóttir, varafultrúi SÍNE, störfum og tók þá Heiður Reynisdóttir sæti hennar.

Benedikt Sævar Magnússon hætti sem varafultrúi BÍSN í nóvember 2000 og tók Fjóla Margrét Hrafnkelsdóttir sæti hans.

#### 3.2. Störf stjórnar.

Starfshættir stjórnarinnar voru með svipuðu sniði og undanfarin ár. Stjórnarmenn skiptu með sér verkum og störfuðu utan venjulegra stjórnarfunda í nokkrum nefndum, m.a. vafamála-, endurgreiðslu- og framfærslunefnd.

#### 3.3. Málkotsnefnd.

Menntamálaráðherra skipar þriggja manna málkotsnefnd og jafnmarga til vara til fjögurra ára í senn og skulu nefndarmenn vera lögfræðingar. Nefndin sker úr um hvort úrskurðir stjórnar LÍN séu í samræmi við ákvæði laga og reglugerða.

Málkotsnefnd var þannig skipuð:

Arnfríður Einarsdóttir, lögfræðingur, formaður.  
Helgi Jóhannesson, hæstaréttarlögmaður.  
Sigurður Ingi Halldórsson, lögfræðingur.

### 4. Skrifstofa sjóðsins.

Skrifstofa sjóðsins var flutt í Borgartún 21, Höfðaborg, í byrjun maí 2000. Gekk sá flutningur fljótt og vel fyrir sig. Lánasjóðurinn hafði þá haft aðsetur sitt á Laugavegi 77 frá september 1975.

Um haustið 2000 var opnunartími afgreiðslu lengdur í sjö tíma á dag, hafði verið tæpir sex tímar á dag í mörg ár.

Áfram var unnið eftir skipuriti og starfslýsingum sem teknar voru upp á námsárinu 1992–93. Starfsemin skiptist í fjórar deildir, þ.e. afgreiðsludeild, fjármáladeild, lánadeild og tölvudeild. Leitast er við að á hverju sérsviði innan hvernar deildar starfi a.m.k. tveir starfsmenn eftir því sem slíku verður við komið. Þetta á einnig við um sérverkefni.

Haustið 2000 tók sjóðurinn yfir umsýslu jöfnunarstyrkja fyrir framhaldsskólanema sem hafði áður verið á vegum Menntamálaráðuneytisins. Jón Guðni Sveinsson sem hafði séð um þessi mál hjá ráðuneytinu kom þá til starfa hjá sjóðnum sem ráðgjafi í lánadeild.

#### Afgreiðsludeild:

Starfssvið afgreiðsludeildar er fyrst og fremst dagleg afgreiðsluþjónusta í síma og afgreiðslusal, umsjón með vistun skjala, bóka og annarra gagna, svo og ákveðin verkefni fyrir framkvæmdastjóra. Ákveðnar vinnslur vegna vafamálanefndarfunda, fundargerðir og bréfaskriftir vegna þeirra. Umsjón með kaupum á vörum og þjónustu. Umsjón með skilum á nýjum skuldabréfum frá lánþegum. Umsjón með afgreiðslu markaðskjaralána.

**Fjármáladeild:**

Á starfssviði fjármáladeildar er umsjón með fjárreiðum sjóðsins. Áætlanir um námsaðstoð, rekstur, fjárfestingu og eftirlit með framkvæmd þeirra. Áætlanir um sjóðsstöðu og fjárþörf. Fjárlagatillögur og eftirlit með framkvæmd fjárlaga. Ársreikningar. Bókhald. Greiðsla reikninga. Innheimta útistandandi námslána. Varðveisla skuldabréfa. Starfsmannahald.

**Lánadeild:**

Á starfssviði deildarinnar eru m.a.: Ákvarðanir teknar um upplýsingar sem lánþegum er ætlað að gefa til þess að framfylgt verði reglum. Öflun upplýsinga um skipulag náms í þeim löndum og skólum sem lánþegar stunda nám, mat á skólum og námsgreinum. Vistun þeirra upplýsinga. Námsseftirlit. Kostnaðareftirlit. Tillögugerð til stjórnar um kröfur sjóðsins til námsframvindu og útreikning námslána skv. þeim. Útgáfa upplýsingabæklinga og annars upplýsingaefnis um námsframvindukröfur sjóðsins, úthlutunar- og vinnureglur. Ráðgjöf og viðtöl við lánþega. Samskipti við skóla, banka og sparisjóði. Umsagnir um lánshæfi náms. Umsagnir um vafamál. Eftirlit með áreiðanleika lánþega sem skuldara og ábyrgðarmanna. Skráning og úrvinnsla upplýsinga frá námsmönnum í tölvukerfi. Aðstoð við framkvæmdastjóra vegna tiltekinnar verkafna.

**Tölvudeild:**

Verksvið tölvudeildar er viðhald og þróun hugbúnaðar lána- og námsseftirlits- og innheimtukerfis aðaltölvu, auk fyrirsparnar-, úrvinnslukerfis og gagnagrunns. Hönnun eyðublaða. Daglegur rekstur tölvukerfis. Stefnumótun og ráðgjöf í tölvumálum. Móttaka og sending tölvugagna. Umsjón með tækjakosti sjóðsins. Kennsla og þjálfun. Sérverkefni: Umsjón með skýrslugerð, framkvæmd á útgáfumálum, prentun gagna og eyðublaða.

**4.1. Starfsmannahald.**

Í júní 2000 voru 22 störf við sjóðinn. Framkvæmdastjóri sjóðsins var Steingrímur Ari Arason. Edda Kristjánsdóttir var deildarstjóri afgreiðsludeildar, Stefán Aðalsteinsson deildarstjóri fjármáladeildar, Hlöðver Bergmundsson deildarstjóri lánadeildar og Gunnar Karlsson deildarstjóri tölvudeildar.

Aðrir starfsmenn í fullu starfi í júní 2000 voru:

Ásrún Helga Kristinsdóttir  
Bryndís Reynisdóttir  
Guðfinna Guðfinnsdóttir  
Guðbjörg E. Benjamínsdóttir  
Guðrún S. Grímsdóttir  
Helgi Loftsson  
Ingibjörg Ólafsdóttir  
Jóhanna Gunnarsdóttir  
Katrín Tómasdóttir  
Margrét Árnadóttir  
Margrét Billhardt  
Petrína S. Úlfarsdóttir  
Rafn B. Gíslason  
Rannveig L. Egilsdóttir  
Sigríður B. Árnadóttir  
Sigríður Þorgilsdóttir  
Sigurlína Ingadóttir.

Tveir starfsmenn létu af störfum á starfsárinu: Katrín Tómasdóttir lét af störfum í ágúst 2000 og Bryndís Reynisdóttir um mánaðarmótin júní/júlí 2001.

Starfsmenn sem hófu störf á starfsárinu voru: Jón Guðni Sveinsson, Sigríður Ágústsdóttir Morthens og Snorri Arnar Viðarsson.

**4.2. Starfsemin.**

Í starfi skrifstofunnar vega þyngst tveir málaflokkar: úthlutun

lána og innheimta afborgana. Allir starfsmenn sjóðsins taka með einhverjum hætti þátt í þessum megin verkefnum. Önnur verkefni eru: Reikningshald, kynning, útgáfa, innra eftirlit, stefnumótun, áætla- og skýrslugerð.

**5. Úthlutun.**

Úthlutun lána á námsárinu 2000-01 fór fram með svipuðum hætti og námsárið á undan. Lánþegum frá fyrra ári var sent sérstakt eyðublað vegna framhaldsumsóknar um vorið, en aðrir sóttu um á hefðbundinn hátt. Hægt var að nálgast eyðublöðin í lánshæfum skólum, sendiráðum Íslands og í bankaútibúum, en einnig á vef sjóðsins þar sem þau voru til útprentunar. Sú nýbreytni var tekin upp varðandi grunnnumsóknir að nú var umsækjendum gefinn kostur á að tilnefna væntanlegan ábyrgðarmann námslána ásamt þeirri upphæð sem ábyrgðarmaðurinn ætlaði að gangast í ábyrgð fyrir. Sömuleiðis var umsækjendum gefinn kostur á að áætla tekjur sínar á umsóknareyðublaðinu og gildi það bæði fyrir framhalds- og grunnnumsóknir, en áður var sent sérstakt tekjueyðublað til námsmanna á miðju sumri í því skyni.

Útreikningur lána hófst heldur fyrr en hafði verið árin áður, þ.e. eftir miðjan júlí og fylgdi því að venju álag á síma og afgreiðslu. Námsmenn fengu sendan útreikning á láni fyrir veturinn, svokallaða náms- og lánsfjáráætlun. Skólagjaldalán og ferðalán til annarra en 1. árs nema voru afgreidd fyrirfram í upphafi hvers misseris en námsmenn gátu fengið fyrirgreiðslu hjá bönkum og sparisjóðum út á væntanlegt framfærslulán. Þegar námsárangur lá fyrir eftir haustmisserið var lán vegna framfærslu á misserinu afgreitt ásamt bókaláni. Þegar árangur á vormisseri lá fyrir var framfærslu- og bókalán vegna þess misseris afgreitt. Álag fylgdi einnig misserislokum þegar framfærslulán voru greidd út.

Á haustmisseri 2000 var umsækjendum í fyrsta sinn gefinn kostur á að senda rafræn eyðublöð til sjóðsins og taka við rafrænum upplýsingum frá LÍN og var það gert í samstarfi við Form.is. Umsækjendum var sent bréf þar sem þeim var kynnt þetta nýja fyrirkomulag og þeir hvattir til að skrá sig hjá Form.is og stofna þar sitt eigið heimasvæði. Fyrsta rafræna eyðublaðið var endanleg tekjuáætlun fyrir árið 2000, en því þurftu allir umsækjendur að skila áður en þeir fengu framfærslulán haustmisseris afgreitt. Þeir sem ekki kusu rafræna eyðublaðið þurftu að skila hefðbundnu eyðublaði, sem þeir gátu fengið sent í pósti eða prentað út af heimasíðu sjóðsins. Þeir umsækjendur sem ekki töldu fram allar sínar tekjur á vef RSK, voru síðan beðnir um afrit af skattframtölum í byrjun febrúar.

Um mánaðarmótin nóvember/desember var þeim námsmönnum sem voru að sækja um lán í fyrsta sinn eða höfðu gert meira en árshlé á fyrra námi sínu send árituð skuldabréf til útfyllingar. Jafnframt voru send árituð viðbótarábyrgðarbréf til þeirra sem höfðu ekki nægjanlegar ábyrgðir fyrir væntanlegu námsláni vetrarins og þeim þannig gefinn kostur á að ganga tímanlega frá ábyrgðinni áður en til úthlutunar kæmi.

Auk venjulegra námslána gátu námsmenn sótt um sérstök lán á markaðskjörum vegna greiðslu skólagjalda. Umsækjendum var gert að snúa sér til Landsbankans sem reiknaði út greiðslubyrði af láninu og mat ábyrgðir. Lánasjóðurinn afgreiddi síðan lánið.

Gefinn var út bæklingur með úthlutunarreglum sjóðsins ásamt útskýringum og dæmum. Einnig gátu námsmenn fengið sérstakan bækling með þeim lögum og reglugerð sem gilda um sjóðinn.

Í kafla 9 er gerð töluleg grein fyrir helstu atriðum úthlutunar. Á námsárinu voru 7.814 umsækjendur en af þeim urðu 6.099 lánþegar eða 78%, sem er heldur herra hlutfall en var árið á undan. Lánþegum fjölgaði um 321 frá fyrra ári eða 5,5%, en



þeim hafði fjölgað um 2% árið áður. Sama hlutfallslega fjölgun varð meðal lánþega á Íslandi og erlendis, þeim fjölgaði um 218 á Íslandi og 103 erlendis.

Fjöldi lánþega í foreldrahúsum á Íslandi fjölgaði um 81 milli námsáranna 1999–2000 og 2000–2001 eða 9%, sem er svipað og árið á undan. Fjöldi barnlausra einstaklinga í leiguhúsnæði/eigin húsnæði á Íslandi fjölgaði um 53 eða 3,5% í stað 1% fjölgunar árið áður. Fjöldi einstæðra foreldra meðal námsmanna fjölgaði um 18 eða 3% milli ára, sem er mun minna en árið áður þegar þeim fjölgaði um 14%. Fjölgunin varð 5% á Íslandi en þeim fækkaði aftur á móti um 3% erlendis. Lánþegum með börn á framfæri í hjónabandi eða sambúð fjölgaði um 96 eða 8%, en þeim hafði fækkað um 17% árið áður. Heldur meiri hlutfallsleg fjölgun varð meðal þessa hóps á Íslandi en erlendis.

Nýnemum erlendis, þeim sem eru að hefja lánshæft nám í fyrsta sinn, fjölgaði frá síðasta námsári um 102 eða 31%, sem er mikil breyting frá árinu áður þegar þeim fjölgaði um 6%. Alveg eins og árið áður varð fjölgunin mikil vegna náms í Bandaríkjunum, en einnig í Danmörku, Englandi og Ítalíu.

Heildarupphæð veittrar aðstoðar hækkaði um tæp 28% milli ára. Hækkunin var hlutfallslega mun meiri erlendis (33%), en á Íslandi (22%). Þessi mikla hækkun skýrist m.a. af fleiri lánþegum nú en í fyrra, veikri stöðu íslensku krónunnar gagnvart erlendri mynt seinni hluta námsársins og hærri skólagjaldalánunum. Upphæð meðallána hækkaði um 16% á Íslandi en 26% erlendis.

Meðallánið á Íslandi er 22% lægra en grunnframfærsla námsmanns á Íslandi en meðallánið erlendis 75% herra, sem skýrist m.a. af því að ýmis viðbótarkostnaður (skólagjöld, ferðalán o.fl.) er mun meiri erlendis en á Íslandi auk gengisáhrifa eins og áður sagði. 318 námsmenn erlendis fengu lán til greiðslu skólagjalda sem er nánast sami fjöldi og árið áður. Þeim sem fengu lán vegna skólagjalda á Íslandi fjölgaði úr 534 í 2337 eða 338% og kom sú fjölgun fyrst og fremst fram á háskólastiginu. Lán vegna skólagjalda á Íslandi voru rúmlega 119 milljónir kr. á námsárinu 2000–01 og höfðu þá hækkað um röskar 65 m.kr. frá árinu áður eða 122%. Þetta er mikil breyting frá fyrri námsárum, því á námsárinu 1998–99 voru lán vegna skólagjalda á Íslandi 32 m.kr., 28 m.kr. árið 1997–98 og 24 m.kr. 1996–97. Heildarlán vegna skólagjalda hækkuðu um tæpar 71 m.kr. frá fyrra ári eða 27%. Meðallán vegna skólagjalda erlendis var rúmar 677 þúsund kr. sem er tæplega 2% hækkun frá fyrra ári. Sú breyting varð á úthlutunarreglum að nú höfðu tekjur námsmanns (og maka) umfram þær tekjur sem skertu framfærslu- og bókalán, ekki áhrif á úthlutun skólagjaldalána.

Á námsárinu afgreiddi sjóðurinn lán á markaðskjörum vegna skólagjalda til 191 námsmanns sem er 19% fjölgun í stað 14% fækkunar árið þar áður. Heildarupphæð markaðskjaralánanna nam 88,5 m.kr í stað 71,3 m.kr. í fyrra. Meðal markaðskjaralánið var um 464 þúsund krónur, en það er tæp 4% hækkun frá fyrra ári.

## 6. Jöfnunarstyrkur.

Umsóknareyðublöðum vegna jöfnunarstyrksins var dreift til þeirra skóla sem buðu upp á styrkhæft nám og gátu námsmenn nálgast eyðublöðin þar. Skólarnir höfðu svo milligöngu um að koma útfylltum umsóknum frá nemendum til sjóðsins. Einnig var hægt að nálgast eyðublöðin í afgreiðslu LÍN eða sækja um rafrænt í gegnum Form.is. Umsóknarfrestur var 15. nóvember vegna haustmíssis 2000 og 15. mars vegna vormíssis 2001.

2.733 umsóknir bárust vegna haustmíssis 2000, þar af 2.256

umsóknir um dvalarstyrk og 477 um akstursstyrk. 2.459 þeirra voru samþykktar eða 90%, þar af 2.070 umsóknir vegna dvalarstyrks og 389 vegna akstursstyrks. Á vormísseri 2001 bárust 2.764 umsóknir, þar af 2.293 umsóknir um dvalarstyrk og 471 um akstursstyrk. 2.231 umsóknir voru samþykktar eða 81%, þar af 1.893 umsóknir vegna dvalarstyrks og 338 vegna akstursstyrks.

Upphæð dvalarstyrks tekur mið af lögheimili og er landinu skipt í þrjú svæði; 65.000 kr. á misseri á svæði A (höfuðborgarsvæðið og Akureyri), 74.750 kr. á misseri á svæði B (sveitarfélög og nágrennabygðir með framhaldsskóla) og 84.500 kr. á misseri á svæði C (önnur byggðarlög). Af dvalarstyrkjum haustmíssis 2000 voru afgreiddir 58 styrkir (3%) vegna svæðis A, 478 (23%) vegna svæðis B og 1.534 (74%) vegna svæðis C. Á vormísseri 2001 voru dvalarstyrkirmir 69 (4%) vegna svæðis A, 476 (25%) vegna svæðis B og 1.348 (71%) vegna svæðis C.

Upphæð akstursstyrks var 48.750 kr. á misseri, sama upphæð hjá öllum.

Ástæður þess að mun færri styrkir voru afgreiddir á vormísseri en haustmísseri má rekja til þeirra áhrifa sem verkfall kennara í framhaldsskólum hafði á skólastarfi þennan vetur, m.a. var brottfall nemenda á vorönn í meira lagi og stór hópur umsækjenda náði því ekki tilskilinni námsáttundun, sem var ein af forsendum úthlutunar. Einnig varð mikil seinkun á skólastarfi þennan vetur, sérstaklega haustmísserinnu, en því lauk ekki fyrr en um mánaðarmótin janúar/febrúar. Útborgun styrkja hófst því nokkru síðar en til stóð.

## 7. Innheimtar greiðslur.

Innheimtur námslána árið 2000 hækkuðu um 21,69% frá fyrra ári. Árið 2000 námu þær kr. 2.457.342.104 en voru 2.154.434.561 árið 1999. Innheimtir dráttarvextir námu þar af 55,9 m. kr. árið 2000, en 34,4 m. kr. árið 1999. Greiðendum fjölgaði um 2,6% milli ára og voru þeir 27.803 í stað 27.104 árið 1999. Hlutfall kvenna sem greiðanda er 44,32% af V-lánunum, 50,84% af S-lánunum og 50,02% af R-lánunum. V-lán voru veitt frá hausti 1976 til vors 1982, S-lán frá hausti 1982 til vors 1992 en R-lán frá þeim tíma. Meðalaldur þeirra sem greiða af R-lánunum er 27 ár, 34 ár hjá þeim sem greiða af S-lánunum og 40 ár hjá greiðendum V-lána. Meðaltalsárgreiðsla 2000 var kr. 94.257 í stað 79.485 árið 1999 sem er 18,58% hækkun.

Eftirstöðvar V-lána voru um áramót kr. 3.042.732.950 og lækkuðu um 218 milljónir á árinu. Eftirstöðvar S-lána voru kr. 26.869.826.568 og lækkuðu um 152 milljónir á árinu. Eftirstöðvar R-lána voru kr. 22.712.485.641 og hækkuðu um 2.836 milljónir á árinu. Af R-lánunum eru 11.104 m. kr. í innheimtu en 11.608 m. kr. eru ekki komnar til innheimtu. Af R-lánunum innheimtust 1.064 milljónir króna sem er 42,7% hækkun frá fyrra ári. Heildarskuld vegna þessara þriggja lánaflokka er 52.625 milljónir króna sem er hækkun um 2.467 milljónir milli ára. Í afskriftasjóði eru kr. 7.347 m. kr. sem er hækkun um 228 m. kr.

Meðaltekjur greiðenda R-lána árið 1999 vegna afborgana ársins 2000 voru kr. 2.192.061, S-lána kr. 2.526.475 og V-lána kr. 3.029.642. Milli ára hækkuðu tekjur greiðanda R-lána um 12,4%, S-lána um 11,9% og V-lána um 10,4%.

Vanskil V-lána án dráttarvaxta námu 43,3 milljónum króna og hækkuðu um 1,4 milljónir. Vanskil S-lána námu 170,7 milljónum króna og lækkuðu milli ára um 1,9 milljónir og vanskil R-lána námu 102,5 milljónum króna og hækkuðu um 35,9 milljónir milli ára. 60% vanskila V-lána eru vegna gjaldfallinna greiðslna á árinu 2000, 45% S-lána og 75% R-lána.

Alls voru 23,18% greiðslna innt af hendi frá greiðsluþjónustu

banka og sparisjóða sem er aukning um 3,36 prósentustig. Greiðslur hjá gjaldkera sjóðsins og með C-gírói drögust saman.

Yfirlit yfir vanskil og greiðslur á bls. 19 stemmir ekki við ársreikning þar sem þar er tekið tillit til leiðréttinga sem áttu sér stað á árinu 2000.

Lán sjóðsins eru að jafnaði til langs tíma og hefur því fjöldi greiðanda og innheimtar greiðslur aukist jafnt og þétt síðasta áratug. Á föstu verðlagi hafa þær aukist úr 754 m. kr. árið 1992 í 2.457 m. kr. árið 2000, eða meira en þrefaldast. Fjöldi greiðenda er 27.803 árið 2000 en var 16.643 árið 1992 sem er fjölgun um 67%. Á línurítum á bls. 18 er yfirlit yfir þróun afborgana og fjölda greiðenda.

## 8. Tölvudeild.

Í desember 2000 var tekin í notkun ný tölva af gerðinni SUN450. Meginhlutverk hennar er rekstur á Oracle gagnagrunni og sérsníðnu námslánakerfi sjóðsins. Í leiðinni var tekin í notkun ný útgáfa af Oracle gagnagrunnskerfi. Haldið var áfram endurnýjun á PC tölvum, diskar stækkaðir í Lotus Notes þjóni og hugbúnaður vegna eldvarnaveggs uppfærður. Tölvukostur sjóðsins er fyrst og fremst keyptur hjá EJS og sáu starfsmenn fyrirtækisins að mestu leyti um aðkeypta viðhalds- og eftirlitsvinnu.

### 8.1. Forritunarvinna.

Breytingar urðu á úthlutunarreglum 2000–2001 og ýmsum atriðum er varða fyrirkomulag úthlutunar. Nú var meðal annars gefinn kostur á að sækja sérstaklega um lán vegna skólagjalda og ferðakostnaðar óháð tekjum. Til að fá útreikning á námsláni á fyrri hluta námsárs þurftu umsækjendur að skila upplýsingum um áætlaðar tekjur á árinu 2000. Á námsárinu var umsóknareyðublaðið breytt þannig að tilgreina þurfti áætlaðar tekjur á eyðublaðinu. Áður hafði sú aðferð verið notuð að senda námsmönnum sérstakt eyðublað vegna áætlaðra tekna eftir að búið var að skrá umsókn um námslán. Jafnframt þurfti nú í fyrsta sinn að tilgreina ábyrgðarmann og ábyrgðarupphæð á umsóknareyðublaðinu. Í framhaldi af þessum breytingum var útliti R-lána skuldabréfa breytt á námsárinu og upplýsingar um ábyrgðarmann, upphæð ábyrgðar og viðtakanda forprentaðar á skuldabréfið.

Ef ekki eru nægar ábyrgðir til staðar þegar borga á út námslán, er námsmaður beðinn um viðbótarábyrgð og honum sent sérstakt eyðublað í þeim tilgangi. Á haustönn 2000 var byrjað að forprenta upphæð viðbótarábyrgðar á eyðublaðið. Jafnframt voru innleiddar nýjar vinnureglur um upphæð viðbótarábyrgðar. Eldri forrit voru aðlöguð þessum breytingum og ný tekin í notkun.

Umsækjendur á námsárinu áttu að skila afriti af skattframtali sínu og maka árið 2001 (vegna tekna árið 2000) eins og tíðkast hefur á undanförunum árum. Á námsárinu 1999–2000 hafði sú breyting orðið á, að þeir sem töldu fram á netinu og öfluðu ekki tekna erlendis, þurftu ekki að skila afritinu til sjóðsins en í staðinn fékk sjóðurinn tölvutækar upplýsingar um tekjur þeirra beint frá Ríkisskattstjóra. Haldið var áfram að þróa forrit til að vinna úr þessum gögnum. Jafnframt voru útbúin forrit til að vinna úr upplýsingum frá RSK fyrir námsmenn sem sendu upplýsingar um leiguhúsnæði (eyðublaðið RSK 2.02) með skattframtali á netinu.

Á námsárinu hóf sjóðurinn samstarf við Form.is um rafrænar upplýsingar. Var umsækjendum og lánþegum boðið upp á að stofna „heimasvæði“ hjá Form.is, fylla þar út rafræn eyðublað og fá síðan upplýsingar sendar rafrænt frá LÍN á heimasvæðið. Á haustönn var tekið í notkun eyðublað til að skrá upplýsingar um endanlegar tekjur árið 2000. Í október byrjuðu umsækjendur að fylla út eyðublaðið hjá Form.is og voru upplýsingarnar

síðan sendar rafrænt til LÍN. Þegar nýjar tekjuupplýsingar höfðu borist LÍN var námslán reiknað út að nýju og niðurstöður útreiknings (náms- og lánsfjáráætlun) sendar rafrænt á heimasvæði námsmanns hjá Form.is. Þeim, sem fengu viðbótarlán, var jafnframt send rafræn tilkynning um greiðsluna á heimasvæðið. Sendingar á þessum upplýsingum hófust í byrjun nóvember 2000. Jafnframt voru ýmsar tilkynningar þessu tengdar sendar á heimasvæði námsmanna. Umsækjendur, sem nýttu sér ekki þjónustu Form.is, gátu nálgast eyðublaðið á heimasíðu sjóðsins og prentað það út eða fengið það sent í pósti. Náms- og lánsfjáráætlanir fyrir þá námsmenn voru áfram prentaðar út hjá sjóðnum og sendar í bréfaþósti til umsækjenda.

Á vorönn voru tekin í notkun hjá Form.is umsóknareyðublað vegna námslána 2001–2002. Sjóðurinn sendi upplýsingar til Form.is um umsækjendur, sem áttu rétt á áframhaldandi lán-um til að stunda sama nám. Þeir gátu fyllt út framhaldsumsókn hjá Form.is og þurfti ekki að tilgreina upplýsingar um nám þar sem þessar upplýsingar voru birtar á eyðublaðinu.

Tekið var í notkun nýtt eyðublað fyrir greiðendur, sem sóttu um frest á afborgunum árið 2001. Eldri forritum var breytt og ný forrit hönnuð til að sinna öllum þessum verkefnum.

Á námsárinu var umsjón með úthlutun jöfnunarstyrkja flutt til sjóðsins. Undirbúningsvinna vegna forritunar hófst í nóvember 2000 og var byrjað að skrá umsóknir í desember. Upplýsingar um umsækjendur bárust frá skólum í janúar 2001 og voru skráðar inn í tölvukerfi sjóðsins. Í framhaldinu hófst svo úthlutun styrkja vegna haustannar 2001 í byrjun febrúar 2002. Vinna við breytingar og þróun hélt svo áfram allt námsárið fram að úthlutun vegna vorannar 2002. Á vorönn hófst jafnframt undirbúningur að hönnun nýrra forrita vegna jöfnunarstyrkja. Markmiðið var að umsækjendur námsárið 2001–2002 gætu sótt um jöfnunarstyrk á netinu og jafnframt skyldi öllum vinnslum og skjámyndum breytt til samræmis. EJS annaðist þessa hönnunarvinna og forritun.

Árlega sendir sjóðurinn lánþegum yfirlit yfir skuldastöðu við áramót. Þar eru upplýsingar, sem lánþegar setja í skattframtöl sín, og yfirlit yfir afborganir ársins á undan. Á árinu 2000 hófu Ríkisskattstjóri og sjóðurinn undirbúningsvinnu, sem miðaði að því að upplýsingar um skuldastöðu og vaxtagjöld lánþega LÍN yrðu forprentaðar á skattframtöl árið 2001. Þetta var síðan gert en jafnframt sendi sjóðurinn yfirlit til lánþega, eins og verið hefur á undanförunum árum.

Frá og með gjalddaga námslána þann 1. mars 2000 hætti sjóðurinn að nota A-gíróseðla vegna innheimtu á námslánum en tók þá í notkun svokallaða greiðsluseðla. Vinna vegna þessarar breytinga byrjaði á námsárinu 1999–2000 og var henni haldið áfram á námsárinu 2000–2001.

Á haustönn urðu breytingar á forritum sem tengjast samskiptum sjóðsins við Lánstraust vegna vanskilaskráar. Breytingar urðu á reglum vegna verkfalls í framhaldsskólum á haustönn 2001. Starfsmenn tölvudeildar unnu einnig að ýmsum öðrum forritunar- og tölfræðiverkefnum.

Að öðru leyti voru breytingar á námslánakerfi fólgnar í hefðbundnum lagfæringum og þróunarvinnu. Starfsmenn hugbúnaðardeildar EJS unnu eins og undanfarin ár í náinni samvinnu við starfsmenn sjóðsins. Á tímabilinu frá 1. júní 2000 til 31. maí 2001 sendi sjóðurinn EJS 51 erindi vegna breytinga á tölvukerfinu.

Í deildinni var áfram unnið að eyðublaða- og skýrslugerð. Starfsmaður í tölvudeild sá um hönnun á öllum bæklingum og eyðublaðum sjóðsins.

Heimasíða sjóðsins var áfram hýst hjá Nýherja en starfsmaður tölvudeildar sá um allar breytingar á síðunni og viðhald hennar.

**8.2. Úthlutun námslána.**

Árlega eru send út árituð umsóknareyðublöð, svokallaðar framhaldsumsóknir, til umsækjenda vegna komandi námsárs. Hinn 10. maí 2000 voru sendar út 5.798 framhaldsumsóknir fyrir námsárið 2000–2001. Ekki voru sendar framhaldsumsóknir til þeirra 347 umsækjenda sem gert var ráð fyrir að lykju námi sínu á námsárinu 1999–2000, né þeirra 208 umsækjenda, sem sóttu um lán á haustönn 1999, en ekki á vorönn 2000. Ekki voru heldur sendar framhaldsumsóknir til 490 umsækjenda námsárið 1999–2000, sem áttu að öðru óbreyttu ekki rétt á áframhaldandi lánnum. Í staðinn voru send sérstök bréf til umsækjenda í þessum þremur hópum.

Umsækjendur voru beðnir um að skila þrenns konar tekjuupplýsingum á námsárinu. Í fyrstu áttu þeir að skila áætluðum tekjum, síðan upplýsingum um endanlegar tekjur og að lokum afriti af skattframtali árið 2001. Sú breyting varð, að beðið var um áætlaðar tekjur á umsóknareyðublaðinu í stað þess að nota sérstakt eyðublað fyrir þessar upplýsingar. Eftir sumarið þurftu umsækjendur síðan að skila upplýsingum um endanlegar tekjur árið 2000 til að fá afgreitt lán vegna haustannar 2000. Nú var í fyrsta sinn boðið upp á þann möguleika að skila þessum upplýsingum rafrænt í gegnum Form.is og nýttu 1.997 námsmenn sér það af þeim 6.282 námsmönnum sem skiluðu þessum upplýsingum. Í febrúar 2001 var síðan byrjað að senda út eyðublöð vegna afrits af skattframtali 2001 og fengu 7.055 námsmenn þau send á námsárinu. Námsmenn, sem töldu fram á netinu og öfluðu ekki tekna erlendis árið 2000, þurftu þó ekki að fylla út þessi eyðublöð. Upplýsingar úr skattframtölum bárust síðan fyrir 6.974 námsmenn þarf af 4.889 frá RSK. Námsmenn á Íslandi, sem búa í leiguhúsnæði og eru ekki með börn á framfæri, þurfa að skila staðfestingu á leiguhúsnæði með því að fylla út eyðublaðið RSK 2.02. Eyðublaðið barst frá 956 námsmönnum; þar af sendi RSK sjóðnum eyðublaðið í rafrænu formi fyrir 370 námsmenn, sem höfðu fyllt eyðublaðið út á netinu.

Á hverju ári eru unnar í tölvukerfinu vinnslur, sem tengjast námsáraskiptum, og tekur þá nýtt námsár gildi hjá sjóðnum. Námsárið 2000–2001 tók gildi hinn 6. júlí 2000 og hófust þá daglegar vinnslur til að fylgjast með námsárangri og vegna umsókna og gagna þeim tengdum. Í tengslum við þær urðu sjálfvirkir til ýmis konar bréf, orðsendingar og fylgiskjalabeidnir, sem send voru til námsmanna og umboðsmanna. Á námsárinu voru send út 5.047 bréf til 3.854 námsmanna, 1.218 orðsendingar til 848 námsmanna og 5.658 fylgiskjalabeidnir til 3.203 námsmanna. Sendar voru 14.186 rafrænar tilkynningar til Form.is vegna 6.076 námsmanna.

Útreikningur námslána var sem fyrr eitt af megin verkefnum í tölvukerfi sjóðsins. Fyrsta úthlutun á námsárinu til námsmanna erlendis fór fram 21. júlí 2000. Úthlutun gekk greiðlega og fengu 686 námsmenn erlendis útreikning á námsláni sínu í júlí. Í lok ágúst voru 1.322 námsmenn erlendis síðan búnir að fá útreikning á námsláni sínu og í lok september voru 1.802 búnir að fá útreikninginn. Fyrsta úthlutun til námsmanna á Íslandi fór einnig fram 21. júlí 2000. Í júlí fengu 2.292 námsmenn á Íslandi útreikning á námsláni sínu. Í lok ágúst voru 3.768 námsmenn á Íslandi síðan búnir að fá útreikning á námsláni sínu og í lok september voru þeir orðnir 4.521. Á námsárinu voru árituð og send út 23.989 eyðublöð vegna útreiknings lána, svokallaðar náms- og lánsfjáráætlanir. Samstarf sjóðsins og Form.is var meðal annars fólgið í því að námsmenn, sem nýttu sér þjónustu Form.is, fengu ekki útprintaðar náms- og lánsfjáráætlanir sendar í bréfaþósti. Þess í stað voru þessar upplýsingar sendar rafrænt frá sjóðnum til Form.is þar sem námsmenn gátu flett þeim upp á heimasvæði sínu. 9.831 náms- og lánsfjáráætlun var send til Form.is á náms-

árinu. 2.674 R-skuldabréf voru send til námsmanna. Vegna úthlutunar lána voru námslán greidd daglega inn á reikninga námsmanna í gegnum Reiknistofu bankanna. Sendar voru 15.080 greiðslur á námsárinu.

18. desember var byrjað að borga út haustlán til námsmanna með heimasvæði hjá Form.is og snemma í janúar til annarra. Seinni hluta mars var byrjað að greiða út lán vegna miðannar í fjórðungakerfi og í maí var byrjað að greiða út lán vegna vorannar. Námsmenn í Bandaríkjunum og Kanada fengu á hverri önn send fyrirspurnablöð, sem skólar þeirra áttu að fylla út og staðfesta. Á þeim var beðið um upplýsingar um uppbyggingu náms, metnar einingar, skólagjöld og styrki. Árlega eru send árituð umsóknareyðublöð vegna sumarlána til umsækjenda í Bandaríkjunum og Kanada svo og til umsækjenda, sem stunda nám við bandaríska skóla í Evrópu. 10. apríl 2001 voru send 527 eyðublöð vegna umsókna um lán á sumarönn 2001 til námsmanna í þessum löndum. Í sama tilgangi voru einnig send óárituð eyðublöð vegna umsókna um sumarlán til 111 námsmanns á Bretlandseyjum. Alls var gefið út 95 „ofgreiðsluskuldabréf“ vegna námsársins 2000–2001.

**8.3. Afborganir af námslánum.**

Í innheimtukerfinu voru umfangsmestu tölvuvinnslurnar fólgnar í því að árita innheimtuseðla og ítrekanir vegna gíróseðla sem voru í vanskilum. Áritaðir voru 53.177 seðlar vegna gjalddaga á árinu 2000, þar af 12.348 vegna greiðsludreifingar og 1.657 vegna lögfræðinnheimtu. Þeir skiptust þannig eftir tegund lána og gjalddögum:

Tegund láns	Gjalddagar	Útsendir seðlar	Greiðsludreifing	Lögfræðinnheimta	Alls
R-lán	1.3.00	6.591	1.944	268	8.803
R-lán	30.6.00	1.485	102	0	1.587
R-lán	1.9.00	5.956	1.967	264	8.187
S-lán	1.3.00	8.815	3.096	450	12.361
S-lán	1.9.00	9.215	3.220	484	12.919
V-lán	1.7.00	3.732	998	110	4.840
V-lán	1.11.00	3.378	1.021	81	4.480
<b>Alls</b>		<b>39.172</b>	<b>12.348</b>	<b>1.657</b>	<b>53.177</b>

Á árinu 2000 voru sendar út 24.290 ítrekanir til greiðenda vegna afborgana, sem voru í vanskilum. Þessar ítrekanir voru sendar til 11.889 greiðenda vegna 17.545 greiðsluseðla. Einnig voru sendar út ítrekanir til ábyrgðarmanna þessara greiðenda.

Árlega fær sjóðurinn upplýsingar frá Ríkisskattstjóra um tekjur þeirra sem eru að greiða af námslánum. 1. ágúst 2000 voru settar inn upplýsingar um tekjur árið 1999 hjá þeim, sem áttu að greiða afborganir af námslánum árið 2000, ásamt upplýsingum um tekjur maka þeirra sem voru að greiða af V-lánum. Sjóðurinn hafði óskað eftir upplýsingum frá Ríkisskattstjóra fyrir 28.962 einstaklinga en fékk til baka upplýsingar fyrir 26.318 einstaklinga. Eins og reglur gera ráð fyrir, voru tekjur því áætlaðir fyrir 2.644 einstaklinga. Áætlaðar tekjur fyrir hvern einstakling voru 4.100.000 krónur. Í febrúar 2001 fengu 36.046 lánþegar sent yfirliti yfir skuldastöðu sína í lok ársins 2000. Tekin var upp samvinna við Ríkisskattstjóra um að forprenta jafnframt í skattframtöl upplýsingar um vaxtagjöld og eftirstöðvar skulda. Forprentað var fyrir 35.348 lánþega en þeim sleppt sem voru ekki með vaxtagjöld og greiddu upp lán sín árið 2000.

**8.4. Tölvutækar upplýsingar frá öðrum.**

Sjóðurinn var áfram með útgáfu af þjóðskrá á tölvu sinni og fékk mánaðarlega sendar upplýsingar um breytingar frá Skýrr.

Frá Ríkisskattstjóra fékk sjóðurinn upplýsingar um tekjur umsækjenda og greiðenda árið 1999, eins og þær voru samkvæmt skattframtölum árið 2000 og þær bornar saman

við tekjuupplýsingar umsækjenda námsárið 1999–2000. Þeir umsækjendur sem höfðu vantalið tekjur sínar voru krafðir um endurgreiðslu. Tekjur árið 1999 voru jafnframt notaðar til að reikna út tekjutengdar afborganir greiðenda námslána árið 2000. Til viðbótar þessu fékk sjóðurinn upplýsingar frá RSK um tekjur umsækjenda árið 2000 eins og þær voru í staðgreiðsluskrá. RSK sendi sjóðnum jafnframt upplýsingar úr netframtölum árið 2001 fyrir 4.889 umsækjendur námsárið 2000–2001. Leigumiðar (RSK 2.02), sem fylltir voru út á netinu í tengslum við skattframtöl 2001, bárust frá RSK fyrir 370 umsækjendur.

Háskóli Íslands, Iðnskólinn í Reykjavík og Kennaraháskóli Íslands sendu sjóðnum tölvutækar upplýsingar um námsárangur umsækjenda.

Breytingar urðu á innheimtu námslána frá og með 1. mars 2000 þegar greiðsluseðlar voru teknir í notkun í stað A–gíröseðla (sjá ársskýrslu 1999–2000). Áfram var þó hægt að greiða ófrágengna A–gíröseðla í bönkum og bárust sjóðnum á hverri nóttu upplýsingar frá Reiknistofu bankanna um slíkar greiðslur.

## 9. Tölur

### 9.1 Útlán

Tafla 1: Mánaðalegur framfærslukostnaður

Land	Mynt	Upph.	Land	Mynt	Upph.
Argentína	USD	684	Jordanía	JOD	222
Austurríki	ATS	16.256	Kanada	CAD	1.206
Ástralía	AUD	1.290	Kína	USD	515
Bandaríkin B	USD	1.242	Kýpur	CYP	1.047
Bandaríkin A	USD	1.404	Lúxemborg	BEF	29.030
Belgía	BEF	30.650	Malasía	MYR	1.650
Brasilía	BRR	1.167	Mexíkó	MXP	9.255
Costa Rica	USD	600	Norður-Írland	GBP	786
Danmörk	DKK	6.597	Noregur	NOK	7.055
England	GBP	786	Nýja - Sjáland	NZD	1.607
England/London	GBP	873	Pólland	USD	527
Filippseyjar	USD	694	Rússland	USD	854
Finnland	FIM	4.848	Skotland	GBP	786
Frakkland	FRF	5.615	Spánn	ESP	135.724
Frakkland/París	FRF	6.170	Suður-Afríka	ZAR	3.449
Færeyjar	DKK	6.597	Sviss	CHF	2.095
Grikkland	GRD	278.105	Svíþjóð	SEK	6.078
Holland	NLG	1.624	Tékkland	CZK	18.381
Hong Kong	HKD	7.531	Trinidad	TTD	600
Írská Lýðveldið	IEP	684	Ungverjaland	HUF	188.572
Ísland	ISK	66.500	Wales	GBP	786
Ísrael	ILS	4.737	Þýskaland	DEM	1.640
Ítalía	ITL	1.853.390	Þýskaland/München	DEM	1.803
Japan	JPY	165.667			

Tafla 2: Fjöldi námsmanna og upphæð námslána skipt eftir löndum

Land	Umsækjendur	Lánþegar	Námslán	Námslán	Land	Umsækjendur	Lánþegar	Námslán	Námslán
Austurríki	23	22	21.812.132	991.461	Japan	2	1	679.819	679.819
Ástralía	13	9	5.812.713	645.857	Kanada	41	30	26.390.408	879.680
Bandaríkin	695	590	804.864.224	1.364.177	Malasía	2	2	1.282.672	641.336
Belgía	6	6	4.016.910	669.485	Mexíkó	1	1	1.480.559	1.480.559
Brasilía	1	1	625.717	625.717	Norður-Írland	2	1	358.050	358.050
Costa Rica	1	0	0	0	Noregur	110	78	54.793.572	702.482
Danmörk	768	601	499.068.266	830.396	Rússland	1	1	1.091.305	1.091.305
England	206	177	268.256.731	1.515.575	Skotland	50	46	79.408.160	1.726.264
Filippseyjar	1	0	0	0	Spánn	48	39	28.979.201	743.056
Finnland	14	10	7.224.359	722.436	Suður-Afríka	2	1	615.220	615.220
Frakkland	32	23	18.336.287	797.230	Sviss	25	19	17.886.323	941.385
Færeyjar	1	1	482.551	482.551	Svíþjóð	89	66	37.194.209	563.549
Grikkland	1	0	0	0	Tékkland	8	6	2.391.163	398.527
Holland	64	55	40.494.712	736.267	Ungverjaland	6	6	3.492.259	582.043
Írská Lýðveldið	3	3	2.183.541	727.847	Wales	8	8	11.440.739	1.430.092
Ísland háskólanám	4.609	3.546	1.631.611.747	460.127	Þýskaland	111	91	64.412.236	707.827
Ísland sérnám	811	609	316.187.442	519.191					
Ítalía	59	50	34.887.928	697.759	Samtals	7.814	6.099	3.987.761.155	

ur. Eðli málsins samkvæmt fækkað þessum sendingum mjög frá því sem verið hafði á fyrri árum og bárust sjóðnum 436 greiðslur á þennan hátt árið 2000. Í staðinn byrjaði sjóðurinn að taka við upplýsingum um greidda greiðsluseðla frá Landsbanka Íslands. Á árinu bárust sjóðnum greiðslur vegna 28.641 greiðsluseðils frá Landsbanka Íslands. Reiknistofa bankanna sendi sjóðnum jafnframt daglega tölvutækar upplýsingar um gengisskráningu erlendra gjaldmiðla. Árið 2000 voru sjóðnum sendar 12.348 greiðslur vegna lánþega í greiðsludreifingu.

Frá fyrirtækinu Lánstrausti fékk sjóðurinn upplýsingar úr vanskilaskrá, sem notaðar voru við eftirlit með námsmönnum og ábyrgðarmönnum.

Á árinu 2000 hófst samvinna sjóðsins og Form.is um rafrænar upplýsingar (sjá nánar hér að framan).

Leitað var eftir því að námsmenn, sem bjuggu í eigin húsnæði og voru ekki með börn á framfæri, staðfestu að þeir væru eigendur húsnæðis. Sjóðurinn aflaði þessara upplýsinga beint frá Fasteignamatí ríkisins og fékk rafrænar upplýsingar á þennan hátt fyrir 623 námsmenn.

Tafla 3: Skipting lánþega eftir löndum

Land	NN	NN B	NN K	NG	NG B	NG K	GN	GN B	GN K	GG	GG B	GG K	Samt.
Austurríki	6	5	1	0	0	0	2	1	0	14	4	1	22
Ástralía	2	2	0	3	0	0	0	0	0	4	0	1	9
Bandaríkin	156	155	1	19	18	0	79	71	5	336	44	73	590
Belgía	0	0	0	2	2	0	0	0	0	4	1	1	6
Brasíla	0	0	0	0	0	0	0	0	0	1	0	0	1
Danmörk	125	114	11	18	18	0	79	70	4	379	60	90	601
England	39	35	4	8	7	1	46	19	26	84	15	22	177
Finnland	4	4	0	0	0	0	2	1	1	4	0	1	10
Frakkland	4	3	1	0	0	0	4	2	2	15	4	5	23
Færeyjar	0	0	0	1	1	0	0	0	0	0	0	0	1
Holland	4	4	0	2	2	0	10	10	0	39	12	11	55
Írska Lýðveldið	1	1	0	0	0	0	0	0	0	2	0	1	3
Ísland	1.148	1.093	55	296	259	37	419	289	74	2.292	146	571	4.155
Ítalía	24	19	5	2	2	0	5	3	2	19	2	10	50
Japan	0	0	0	0	0	0	0	0	0	1	0	1	1
Kanada	5	3	2	0	0	0	4	3	0	21	4	5	30
Malasía	0	0	0	0	0	0	0	0	0	2	0	2	2
Mexíkó	1	1	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	1
Norður-Írland	1	1	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	1
Noregur	10	10	0	2	2	0	21	12	7	45	7	15	78
Rússland	0	0	0	0	0	0	0	0	0	1	1	0	1
Skotland	3	3	0	3	1	2	18	6	12	22	3	12	46
Spánn	11	7	4	1	1	0	9	6	3	18	7	5	39
Suður-Afríka	0	0	0	0	0	0	0	0	0	1	0	0	1
Sviss	6	6	0	3	2	0	3	3	0	7	1	4	19
Svíþjóð	13	13	0	1	1	0	11	11	0	41	6	10	66
Tékkland	2	1	1	0	0	0	2	1	1	2	0	2	6
Ungverjaland	2	2	0	0	0	0	0	0	0	4	2	1	6
Wales	1	1	0	0	0	0	2	1	1	5	0	2	8
